

UNGmennAPING 2023

18. febrúar 2023 kl. 14:00 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123

Mætt: Annika Danielsdóttir Schnell (Skátafélag Akranes), Daníel Eiríksson (Garðbúar), Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar), Davíð Þrastarson (Garðbúar og Ungmennaráð BÍS), Einar Tryggvi Petersen (Árbúar), Elvar Gíslason (Árbúar), Erla Kristín Stefánsdóttir (Hraunbúar), Eygló Sunna Kjartansdóttir (Skátafélag Akranes), Grímur Chunkuo Ólafsson (Fossbúar), Hafdís Rún Sveinsdóttir (Fossbúar), Herdís Björk Helgadóttir (Árbúar), Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar og Ungmennaráð BÍS) Hulda Valgerður Vilhjálmsdóttir (Hraunbúar), Huldar Hlynsson (Vífill og Stjórn BÍS), Högni Gylfason (Kópar, Ægisbúar og Ungmennaráð BÍS), Inga Dís Guðjónsdóttir (Hraunbúar), Jóhann Thomasson Viderö (Vífill), Örn Breki Sigurgeirsson (Fossbúar), Petra Björg Bjarnadóttir (Fossbúar), Sara Mjöll Bjargþórsdóttir (Skátafélag Akranes), Sigurður Kai Jóhannsson (Skátafélag Akranes), Svava Dröfn Davíðsdóttir (Árbúar), Zion Elijah Sigtryggur Campbell (Fossbúar).

Hraunbúar (2)

Vífill (1 + Huldar)

Kópar (Hersteinn + Högni)

Árbúar (5)

Skátafélagið Akranes (4)

Fossbúar (5)

Garðbúar (1 + Davíð)

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

1.1. Davíð Þrastarson (Garðbúar) var kjörin fundarstjóri.

1.1.1. Erla Kristín Stefánsdóttir (Hraunbúar) 5 atkvæði.

1.1.2. Davíð Þrastarson (Garðbúar) 11 atkvæði.

1.2. Högni Gylfason (Kópar) var sjálfkjörin fundarritari.

2. Tillaga að dagskrá Ungmennapings – umræður – afgreiðsla.

2.1. Samþykkt 17/0 (1 sat hjá).

3. Tillaga að fundarboðun Ungmennapings – umræður – afgreiðsla.

3.1. Ungmennaping var frestað um 2 vikur vegna þátttöku.

Ungmennapingi var lagalega aflýst til þess að geta kallað þingið núna „Auka ungmennaping“ þar sem að það er ekki jafn mikið af reglum um það.

4. Áskoranir - Framsaga - umræður - afgreiðsla

Davíð Þrastarson (Garðbúar) biður Erlu Kristínu Stefánsdóttur (Hraunbúar) að taka við sem tímabundin fundarstjóra, á meðan hann leggur fram áskorun. Erla samþykkir og tekur við.

4.1. Áskorun um að BÍS skuli stofna vinnuhóp sem myndi gefa aftur út skátahandbókina - Davíðs, lögð fram

- 4.1.1. Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar) Nefnir pælingar um vafning á skátaflút í fyrri bók og annað úrelt í henni.
- 4.1.2. Kosning: Samþykkt einróma 17/0

Davíð tekur aftur við sem fundarstjóri

- 4.2. Áskorun um að BÍS skipi vinnuhóp sem myndi kanna andlega heilsu skáta - Hersteinn, lögð fram
 - 4.2.1. Svava Dröfn Davíðsdóttir (Árbúar): Finnst að það ætti að lækka aldur tillögunar í dróttskáta. Leggur fram breytingartillögu um að skipta út orðinu rekkaskáta í dróttskáta.
 - 4.2.2. Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar): Hrósar tillögu, en vill breyta aldrinum í Fálkaskáta. Segir að þau séu með þekkingu til þess að vera með í þessu.
 - 4.2.3. Herdís Björk Árnadóttir (Árbúar): Spyr hversu oft kannanirnar séu.
 - 4.2.4. Zion Elijah Sigtryggur Campbell (Fossbúar): Leggur til að könnunin sé sent á forráðamenn fálka.
 - 4.2.5. Hersteinn Skúli Gunnarsson (kópar): Nefnir að hann skrifaði tillöguna fyrir Rekka til þess að brjóta ekki reglur, og að kannanir séu árlega til þess að þirra ekki fólk of oft.
 - 4.2.6. Huldar Hlynsson (Vífill): Segir að útfærslan á þessari áskorun sé í höndum fólksins sem áskorunin sem er send á og að það megi til dæmis ekki senda á fálkaskáta. Ef áskorunin er eins og hún er nú skrifuð, þá mætti BÍS senda út 2 kannanir og áskoruninni sé þá lokið. Tillaga hans er að leyfa öðrum að útfæra þetta.
 - 4.2.7. Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar): Ítrekar að senda á forráðamenn fálka og beint á drótt og eldri.
 - 4.2.8. Huldar Hlynsson (Vífill): Nefnir það sé bara minnst á aldurinn í tillögu að útfærslu, svo að allt sem fólk er búið að vera að tala um skiptir ekki máli.
 - 4.2.9. Erla Kristín Stefánsdóttir (Hraunbúar): Vill að könnunin sé ekki nafnlaus, ef eitthver er með sjálfsvígshugsanir eða sambærilegt, setja inn kennitölu til þess að geta

hjálpað einstaklingum í staðinn fyrir að sjá bara heild.

- 4.2.10. Hersteinn skúli Gunnarsson (Kópar): Útskýrir að hann skrifaði tillöguna með nafnlaust í huga, til þess að einstaklingar geti sagt fullkomlega sína skoðun án þess að hafa áhyggjur af því að það verði rekið til baka, því að margir þekkja starfsfólk BÍS vel.
- 4.2.11. Svava Dröfn Davíðsdóttir (Árbúar): Spyr hvort það sé hægt að hafa nafnlaust, en samt hægt að rekja það ef það er hægt.
- 4.2.12. Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar): Kemur með breytingartillögu um að senda nafnlaust Dróttskáta og eldri, og líka nafnlaust á forráðamenn fálka. (þar sem að það yrði bætt við inn í texta áskorunnar).
- 4.2.13. Kosið um fyrstu breytingatillögu (Nafnlaus könnun á alla dróttskáta og forráðamenn fálka (breyta áskoruninni)) Samþykkt 17/0 (einn sat hjá)
- 4.2.14. Kosning um Áskorunina: Samþykkt 14/0 (4 sitja hjá)
- 4.3. Áskorun um að BÍS skuli skipa vinnuhóp sem gæfi út söngbók - Högni Gylfason (Kópar), lögð fram
 - 4.3.1. Grímur Chunkuo Ólafsson (Fossbúar): Kemur með breytingartillögu um setja inn í áskorunina að hafa sama númera kerfi og á fyrri söngbókum. (Í stað þess að hafa það í tillögu að útfærslu).
 - 4.3.2. Kosning um breytingu Gríms (Fossbúa): Samþykkt 14/0 (4 sitja hjá)
 - 4.3.3. Kosning um breytta áskorun: Samþykkt 17/0 (1 situr hjá).
- 4.4. Herdís B Helgadóttir (Árbúar) leggur fram Áskorun um að hafa túrvörur á öllum klósettum í öllum skátaheimilum á Íslandi.
 - 4.4.1. Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar): Leggur fram breytingartillögu um að áskorun Herdísar eigi líka við á öllum viðburðum innan skátana.
 - 4.4.2. Kosning á breytingatillögu Hersteins: samþykkt 18/0 (0 sátu hjá).
 - 4.4.3. Kosning á áskorun Herdísar: samþykkt 18/0 (0 sátu hjá)

- 4.5. Svava Dröfn Davíðsdóttir (Árbúar) leggur fram áskorun um að BÍS skuli halda Viðeyjarmót árlega, og nefnir sem rök að hún hafi aldrei komist á viðeyjarmót sem þátttakandi, en hefur heyrt frá fólki að það hafi verið geggjað.
 - 4.5.1. Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar): Nefnir að hann hafi mætt á síðasta Viðeyjarmótið, og að þá hafi verið mikil rigning o.s.f.
 - 4.5.2. Svava Dröfn Davíðsdóttir (Árbúar): kemur með breytingartillögu um að Viðeyjarmót skuli vera fyrir drótt og rekka.
 - 4.5.3. Daníel Eiríksson (Garðbúar): Kemur með breytingartillögu um að bætt verði í tillögu að útfærslu, að rótera hvaða félög halda mótið.
 - 4.5.4. Kosning á breytingartillögu um að takmarka aldur við Drótt og Rekka: felld 7/5 (6 sátu hjá).
 - 4.5.5. Kosning um breytingartillögu um að takmarka aldur við fálka, drótt og rekka: felld 9/0 (10 sátu hjá).
 - 4.5.6. Kosning um breytingartillögu Daníels Eiríkssonar (Garðbúa) að bæta inn í tillögur að útfærslu að rótera um félög sem halda viðeyjarmót: felld 9/2 (7 sitja hjá).
 - 4.5.7. Kosning um áskorunina að viðeyjar mót skuli haldið á hverju ári: Samþykkt 14/0 (4 sitja hjá).

Fundarstjóri bendir á að samkvæmt dagskrá sé nú komið kaffi, og því verði gerð hlé á fundarstörfum þar til 16:00.

Fundarstörf hefjast aftur 16:02.

- Fundarstjóri útskýrir smá lagabreytingar og segir frá skatarnir.is/log og sýnir sýnidæmi (af lagabreytingartillögu) frá Huldari um að skátastarf skuli vera stútfullt af ævintýrum og gleði.

5. Lagabreytingar – framsaga – umræður – afgreiðsla

- 5.1. Huldar Hlynsson í Vífli, kynnti lagabreytingatillögu um 16. grein laga BÍS

Þar sem nú stendur:

16. grein

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennafélags. Til Ungmennafélags skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennafélag skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátæping ár hvert. Ungmennafélag er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennafélagi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátæping ár hvert ásamt því að kjósa á kosningarári áheyrnafulltrúa ungmenna í stjórn BÍS og a.m.k. þrjá fulltrúa í ungmennaráð. Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

Á Ungmennafélagi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennafélag skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennafélag er undanskilið því skilyrði að Ungmennafélag skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátæping ár hvert.

Verði:

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennafélags. Til Ungmennafélags skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennafélag skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátæping ár hvert. Ungmennafélag er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennafélagi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátæping ár hvert ásamt því að kjósa á kosningarári áheyrnafulltrúa ungmenna í stjórn BÍS og a.m.k. þrjá fulltrúa í ungmennaráð. Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

Á Ungmennafélagi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennafélag skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennafélag er undanskilið því skilyrði að Ungmennafélag skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátæping ár hvert.

- 5.1.1. Huldar Hlynsson (Vífli) Kemur með framsögu, útskýrir að það hafi einu sinni verið kosið á hverju ári, en svo hætt út af það tók tíma af skátæpingi, og að þetta gæti minnkað tálmann við að bjóða sig fram í ungmennaráð.

5.1.2. Hersteinn skúli Gunnarsson (Kópar): Það gæti skaðað getu ungmennafélags að starfa bara í 1 ár, þar sem að það er lítið gert á sumrin og í öðrum fríum.

5.1.2.1. Huldur Hlynsson (Vífli) svarar Hersteini: Þegar það var kosið á hverju ári í ungmennaráð, þá var oft fólk að bjóða sig fram aftur, og það var jafnvel eitthver í 4 ár í röð, en hefði kanski annars verið 0 ár í ráðinu.

5.1.3. Kosning um lagabreytingartillögu Huldars um 16. grein 17/0 (1 situr hjá)

Davíð Þrastarson (Garðbúar) skiptir við Erlu Kristínu Stefánsdóttur (Hraubúar) sem fundarstjóri.

5.2. Davíð Þrastarson í Garðbúum, kynnti lagabreytingatillögu um 26. grein laga BÍS
Þar sem nú stendur:

26. grein

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrjú í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á ungmennafélagi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátafélags eða fundarboði ungmennafélags ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarforingja og flokksforingja.

Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að

annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunngildum Bandalags íslenskra skáta.

Verði:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt **fimm fjögur** fastaráð: **starfsráð**, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrjú í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á ungmennapingi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátaþings eða fundarboði ungmennapings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarfóringja og flokksfóringja.

Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunngildum Bandalags íslenskra skáta.

5.2.1. Kosning um lagabreytingatillögu Davíðs: felld 5/3 (10 sitja hjá).

5.3. Davíð Þrastarson í Garðbúum, kynnti lagabreytingatillögu um 26. grein laga BÍŚ
Þar sem nú stendur:

26. grein

Á vegum stjórnar BÍŚ starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrjár í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á ungmennapingi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapings eða fundarboði ungmennapings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍŚ skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarföngja og flokksföngja.

Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍŚ fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍŚ standa fyrir.

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

Verði:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt **fimm fjögur** fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífráð, **ungmennaráð** og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrjú í hvert fastaráð til tveggja ára. **Ungmennaráð** er kosið á ungmennabingi. **Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess.** Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapings **eða fundarboði ungmennabings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.**

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára.

Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarföngja og flokksföngja.

Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

Hlutverk útilífráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

- 5.3.1. Davíð kemur með framsögu: Hann vill leggja niður ungmennaráð, með þau rök að það sé lítið gagn í fastráði sem sér bara um að halda viðburði. Nefnir að af hans reynslu gangi betur að halda viðburð ef hann er planaður af fólki sem er skipað af stjórn.
- 5.3.2. Hersteinn skúli Gunnarsson (Kópar): Nefnir að svipuð tillaga hafi verið á síðasta alheims þingi. Vill frekar breyta lýsingu ungmennaráðs frekar en leggja það niður.
- 5.3.3. Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar): Byrjar á að nefna að hann sé sammála Hersteini. Vill að ungmennaráð fái ungmenni meira til þess að taka þátt, þar sem að oft séu lög um þátttöku ungmenna, en þau gleymast.
- 5.3.4. Davíð Þrastarson (Garðbúar): Tekur fram að ungmennalýðræði sé eitt af grunnildum BÍS, og það sé aðili innan stjórnar BÍS sem á að gæta hagsmunum ungmenna.
- 5.3.5. Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar): Vill ekki fella niður ungmennaráð út af mikilvægum verkum þessa ráðs.

- 5.3.6. Grímur Chunkuo Ólafsson (Fossbúar): Spyr hverjar eru skyldur ungmennaráðs?
 - 5.3.7. Davíð Þrastarson (Garðbúar) svarar: Það stendur á skjávarpanum. (u.þ.b. halda ungmennanæving, og efla ungmennalýðræði.)
 - 5.3.8. Hersteinn skúli Gunnarsson (Kópur): Talar um þáttökustigi Harts, og bendir á að hann hafi mælt fólk í óformlegri könnun allt of neðarlega.
 - 5.3.9. Hulda Valgerður Vilhjálmsdóttir (Hraunbúar): spyr út í þáttökustigi Harts.
 - 5.3.10. Huldur útskýrir þáttökustigi harts á mannamáli.
 - 5.3.11. Kosning um tillögu Davíðs: felld 1/7 (10 sitja hjá).
- 5.4. Davíð Þrastarson í Garðbúum, kynnti lagabreytingatillögu um 26. grein laga BÍS

Þar sem nú stendur:

26. grein

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrjár í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á ungmennanævingi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapings eða fundarboði ungmennanævings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátaféлага, sveitarfóringja og flokksfóringja.

Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að

annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

Verði:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt **fimm fjögur** fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, **útilífsráð** ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrjú í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á ungmennapingi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátaþings eða fundarboði ungmennapings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátaféлага, sveitarföngja og flokksföngja.

Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

~~Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.~~

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

- 5.4.1. Davíð kemur með framsögu: á vegum BÍS þurfa að vera 5 ráð, þar er 1 sem heitir útilífsráð, Davíð segir að þetta ráð hafi aldrei vitað hvað væri innan þess verkahringis og

segir að þetta ráð væri betra sem vinnuhópur.

- 5.4.2. Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar): segist styðja tillöguna. Nefnir að WOSM og WAGGS sé með allskonar dagskrá pakka sem tengjast útivist og að alþjóðaráð sé það ráð sem ætti að þýða og nýta það efni.
- 5.4.3. Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar): vill gefa útivistaráði séns, spyr hvað útilífsráð hafi gert nýlega.
 - 5.4.3.1. Huldar fer yfir sögu útilífsráðs og útskýrir hvað þetta ráð er.
- 5.4.4. Kosning um lagabreytinga tillögu Davíð: felld 5/5 (8 sitja hjá).

Davíð tekur aftur við sem fundarstjóri.

- 5.5. Hersteinn skúli Gunnarsson í Kópum, kynnti lagabreytingatillögu um 26. grein laga BÍS þar sem nú stendur:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrjú í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á ungmennapingi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapings eða fundarboði ungmennapings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarfóringja og flokksfóringja.

Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátalandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélag og BÍS standa fyrir.

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

Verði:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrjú í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á ungmennapingi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapings eða fundarboði ungmennapings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig

fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum ~~16-25~~ 13-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarforingja og flokksforingja.

Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátalandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.

Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs. að stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar, einnig eigin skátastarfs hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar. Einnig veita ráðgjafir og stuðning við ákvarðanatökferli ungmenna í skátahreyfingunni í boði skáta og skátafélögum.

Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

5.5.1. Hersteinn kemur með framsögu: Tillagan er að breyta ungmennaráði svo að ungmenni á 13. ári geti verið í

ráðinu, en ekki á 16. ári eins og er nú. Þar sem að hann vill ekki þurfa að segja við skáta í 8. bekk að þau séu ekki nógu gömul til þess að vera í ungmennaráði, í versta falli hætta þau bara eftir 1 ár, segir Hersteinn.

Svo vill hann breyta lýsingu um hlutverk ungmennaráðs, til þess að gera lýsinguna skýrari og bæta inn í hana ráðgjöf um ýmislegt.

- 5.5.2. Huldar Hlynsson (Vífill): útskýrir af hverju Arnbjörg Ýr Sigurðardóttir (Fossbúar) gat ekki formlega verið í ungmennaráði síðasta árið.
- 5.5.3. Huldar Hlynsson (Vífill): leggur til að lagabreytingu Hersteins verði skipt upp í tvær tillögur. Þar sem að annarsvegar væri kosið um að lækka framboðsaldur í ungmennaráð, og svo hins vegar hvort breyta lýsingu um hlutverk ungmennaráðs.
- 5.5.4. Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar): Spyr hvort það þurfi ekki að kjósa um að taka lagabreytingu Hersteins í tvennt?
- 5.5.5. Kosning um að taka lagabreytingu Hersteins í tvennt: samþykkt 16/0 (2 sitja hjá).
- 5.5.6. Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar): Tekur fram að hann styðji tillöguna um að lækka aldur í ungmennaráð þar sem að þetta er ungmennaráð og ætti að vera með ungmennum í ráðinu.
- 5.5.7. Svava Dröfn Davíðsdóttir (Árbúar): Hvað gerist ef það er fengið einhvern í ráðið sem hefur ekki þroskan til þess að vera í ráðinu?
 - 5.5.7.1. Huldar Hlynsson (Vífill) svarar: Það er í siðareglum æskulýðsvettvangsins að gefa fólki ekki hlutverk sem það ræður ekki við.
- 5.5.8. Kosning um að lækka aldrinum í ungmennaráði úr 16-25 í 13-25: samþykkt 16/0 (2 sátu hjá).
- 5.5.9. Kosning um að breyta lýsingu um hlutverk ungmennaráðs: samþykkt 14/0 (4 sátu hjá).
- 5.6. Hersteinn skúli Gunnarsson í Kópum, kynnti lagabreytingatillögu um 16. grein laga BÍS þar sem nú stendur:

16. grein

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennafélags. Til Ungmennafélags skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennafélag skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátaping ár hvert. Ungmennafélag er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennafélagi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátaping ár hvert ásamt því að kjósa á kosningarári áheyrnafulltrúa ungmenna í stjórn BÍS og a.m.k. þrjú fulltrúa í ungmennaráð. Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

Á Ungmennafélagi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennafélag skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennafélag er undanskilið því skilyrði að Ungmennafélag skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátaping ár hvert.

Verði:

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennafélags. Til Ungmennafélags skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennafélag skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátaping ár hvert. Ungmennafélag er vettvangur fyrir skáta **25 ára og yngri 6-25 ára** til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennafélagi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátaping ár hvert ásamt því að kjósa á kosningarári áheyrnafulltrúa ungmenna í stjórn BÍS og a.m.k. **þrjú fimm** fulltrúa í ungmennaráð. Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

Á Ungmennafélagi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennafélag skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennafélag er undanskilið því skilyrði að Ungmennafélag skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátaping ár hvert.

- 5.6.1. Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar) kemur með framsögu: Vill breyta 16. grein þannig að það sé lágmarksaldur á ungmennafélag sem myndi vera 6 ár, og að hafa að minnsta kosti 5 í ungmennaráði. Þar sem að það sé of ungt að fá fjölskylduskáta á ungmennafélag og að fleira fólk þýðir að það sé hægt að gera fleira í ungmennaráði.

- 5.6.2. Annika Danielsdóttir Schnell (Skátafélag Akranes): vill hækka aldur, 6 soldið ungt.
- 5.6.2.1. Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar) svarar, að Drekaskáta aldur ætti að duga, eins og í öðrum löndum, það sé hægt að útskýra hluti á einfaldan máta.
- 5.6.3. Svava Dröfn Davíðsdóttir (Árbúar) kemur með hugvekjju: Hvaða heilvita foreldri sendir 6 ára barn á ungmennahótel, og hvaða barn myndi nenna því?
- 5.6.3.1. Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar) svarar: Það eru til foreldrar sem vilji í raun bara losna við barnið sitt, og ef ekkert annað íþróttafélag vill taka við þeim, þá kannski koma þau á ungmennahótel.
- 5.6.4. Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar) spyr hvað gerist ef það eru ekki 5 sem bjóða sig fram í ráðið?
- 5.6.4.1. Huldur Hlynsson (Vífill) útskýrir hvað uppstillingarnefnd er og hvað þau eigi að gera, og ef ekkert tekst, þá getur stjórn BÍS skipað í ráð með leyfi frá skátaþingi.
- 5.6.5. Einar Tryggvi Pétursson (Árbúar) kemur með **breytingartillögu**: vill breyta úr 6 ára í 7, þar sem að drekaskátar byrja 7 ára.
- 5.6.6. Erla Kristín Stefánsdóttir (Hraunbúar): leggur til að 6-7 ára ætti ekki að mæta á ungmennahótel, þar sem að málefnið sé ekki viðeigandi fyrir þann aldur, og sniðugra væri að halda Krakkahótel.
- 5.6.7. Hulda Valgerður Vilhjálmisdóttir (Hraunbúar): 6-7 ára krakkar geta ekki setið á þingi svona lengi, og ætti þess vegna ekki að mæta á ungmennahótel.
- 5.6.8. Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar): Drekaskátaaldur hefur ekki nægan vettvang til þess að tjá sína skoðun á lýðræðislegan máta, mörg félög séu ekki að nýta flokka kerfi fyrir dreka.
- 5.6.9. Erla Kristín Stefánsdóttir (Hraunbúar): Það myndi of mikið af drekum og fálkum mæta á ungmennahótel

miðað við atkvæði, svo að þau gætu haft of mikil áhrif á kosningar.

- 5.6.10. Zion Elijah Sigtryggur Campbell (Fossbúar): Leggur til **breytingartillögu**, á lagabreytinguna, um að lágmarksaldur á ungmennáþing sé 10 ár.
- 5.6.11. Sigurður Kai Jóhannsson (Skátafélag Akranes): Styður 6-7 ára, en segir að sniðugt væri að hafa sér þing fyrir fálka og dreka.
- 5.6.12. Huldar Hlynsson (Vífill): Lýsir að vandamálið sé að ungmennaráð þurfi alltaf að plana ungmennáþing þannig að drekaskátar geti mætt, og það geti verið vesen, til dæmis á netþingi. Leggur til **breytingartillögu**, um svipað og á skátaþingi, þar sem að drótt, rekkar og róver væru boðaðir á ungmennáþing, en drekar og fálkar mættu samt alveg mæta, og svo væru bara hin fyrr nefndu með kosningarétt.

Fundarstjóri leggur til að það sé kosið um aldursbreytingu og fjölda í ungmennaráði tillögunum í sitthvoru lagi.

- 5.6.13. Kosning um að taka lagabreytingu Hersteins í tvennt með ofangreindum hætti: samþykkt 12/0 (7 sitja hjá).
- 5.6.14. Kosning um breytingartillögu að hækka fjölda í ungmennáþingunni úr 3 í 5: samþykkt 15/1 (3 sátu hjá).
- 5.6.15. Kosning um Lagabreyting Hersteins í Kópum að setja lágmarksaldur á mætingu á ungmennáþing:
- 5.6.16. Kosning um breytingartillögu Huldars (Vífill) um að boða bara drótt, rekka og róver skáta á ungmennáþing, en önnur aldursbil (undir 25) mættu samt mæta, og að drótt, rekka og róverskáta væru einu aldursbilin með kosningarétt á ungmennáþingi: samþykkt 15/2 (2 sátu hjá).
- 5.6.17. Kosning á breytingartillögu sem breytir lágmarksaldri lagabreytingartillögur úr 6 í 13 ár: Felld 7/7 (5 sátu hjá).
- 5.6.18. Kosning á breytingartillögu sem breytir lágmarksaldri lagabreytingartillögur úr 6 í 10 ár: Felld 5/7 (7 sátu hjá).

- 5.6.19. Kosning á breytingartillögu sem breytir lágmarksaldri lagabreytingartillögur úr 6 í 7 ár: Felld 4/4 (11 sátu hjá).
- 5.6.20. Kosning um Lagabreytingatillögu Hersteins, eins og hún kom fram, að því undanskildu að drótt, rekka og róverskátar séu boðaðir á þingið, en aðrir mega samt mæta, og drótt rekka og róverskátar hafa kosningarétt á þinginu sjálfu: Samþykkt 15/1 (3 sátu hjá).
- 5.7. Daníel Þróstur í Árbúum, kynnti lagabreytingatillögu um 20. grein laga BÍS um að lækka aldur sem hafa kosningarétt á skátaþingi niður í 14 ár.
Þar sem nú stendur:

20. grein

Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi.

Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátaþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátaþings.

Verði:

Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16-14 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi.

Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátaþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátaþings.

- 5.7.1. Daníel (Árbúar) kemur með framsögn: Nefnir að það sé ekki slæmt að gefa yngri skátum kosningarétt, þar sem að félög hafa enn bara 4 atkvæði (ef þau eru með A aðild), og þá eru þau ekki að láta 14 ára fá atkvæði, nema að þau hafa áhuga og getu til.
- 5.7.2. Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar): nefnir að 16 ára aldur hafi upprunalega verið valinn út af á þeim tíma var

16 ár lögráða aldur.

- 5.7.3. Erla Kristín Stefánsdóttir (Hraunbúar): tekur fram að hún sé ósammála, því að krakkar í grunnskóla sé bara krakkaskítur og eigi ekki erindi með atkvæði.
- 5.7.4. Svava Dröfn Davíðsdóttir (Árbúar): tekur fram að hún var á skátaþingi í fyrra (þá í 14 ára), og skildi bara ekkert, og bendir á að þessi lagabreyting hafi verið tekin nokkur ár í röð, og alltaf verið felld, svo að þetta sé bara tímasóun.
- 5.7.5. Hersteinn Skúli Gunnarsson (Kópar): Ef þú skilur ekki hvað er í gangi 14 ára á skátaþingi, þá sé það á ábyrgð félags, tók sem dæmi að þegar hann mætti á sitt fyrsta þing, þá útskýrði stjórn félagsins allt fyrir honum.
- 5.7.6. Daníel Þröstur Pálsson (Árbúar): Sammála Hersteini, bendi aftur á að 14 ára muni ekki alltaf vera með atkvæði, nema bara ef foringjar og stjórn telji það rétt. Tekur fram að rökin hennar Svövu um að þetta sé tímasóun, séu svipuð og rökin „afhverju að lifa, við munum hvort sem er deyja”.
- 5.7.7. Huldar Hlynsson (Vífill): Talar um að það séu kannski landslög um þetta, en hann fann ekkert um það í fljótu bragði, svo að gerum ráð fyrir að það sé ekki. Hann leggur til að bara leyfa þessu að sleppa í gegn, þar sem að það eru víst til nokkrir dróttskátar sem vilja vera með atkvæði, og kynna sér lög BÍS.
- 5.7.8. Kosning um lagabreytingu Daníels (Árbúar) um að breyta kosningaaldri á skátaþingi í 14. ár: Samþykkt 11/4 (4 sátu hjá).

Huldar útskýrir að nú verði tekin nafnlaus kosning þar sem er kosið í nýtt ráð og útskýrir afhverju, og hvað er búið að gerast í ungmennaráði lagalega séð.

6. Kosið í nýtt ungmennaráð

- 6.1. Jóhann Thomasson Viderö (Vífill), Svava Dröfn Davíðsdóttir (Árbúar), Arnbjörg Ýr Sigurðardóttir (Fossbúar) og Högni Gylfason (Kópar), buðu sig fram og voru sjálfkjörin.

7. Önnur mál

- 7.1. Högni Gylfason (Kópar) hrósaði ungum skátum fyrir skyrtu notkun.
- 7.2. Fundarstjóri lagði fram tillögu um að á árshátíð ungmenna yrði horft á söngvakeppni RÚV, og étið pizzu (samþykkt)

Ungmennafélagi slitið kl. 18:16